

Háttvirtu þingmenn,

Hér kemur umsögn mín um frumvarp um dýravelferð og blóðmerahald.

Ég hef búið og unnið í Frakklandi í 25 ár. Frakkland er mikið landbúnaðarland og ég get borið saman dýravelferð þar og hér á Íslandi af örlítilli þekkingu.

Þar er blóðmerahald bannað sem og í öðrum löndum Evrópu. Ástæðan er sú að það þykir ekki sæmandi að fara svona með hesta, né nokkur önnur spendýr .

Þetta er frumstæð praktík sem er stunduð af fólki sem hefur þróaða tækni og líftækni á valdi sínu, en sem hefur ekki siðferðisstigið sem þarf að fylgja mikilli þekkingu.

Því miður minnir Ísland stundum á 3ja heims land, í hugarfari, sérstaklega í nýtingu auðlinda og "hlunninda" frá jörðinni. Þetta hugarfar er á Íslandi á undanhaldi, sem betur fer, en hér í þessu tilfelli er það sláandi.

Það er slæmt siðgæði að það sé farið svona illa með hryssurnar.

Síðan er kaldhæðnislegt að bændur segja að þessar hryssur séu vel meðhöndlaðar og burstaðar og fá að vera í hesthúsum ef það er kalt. Þeir eru að segja að þessar hryssur séu meðal fárra hesta sem fá sómasamlega meðferð, sem allir hestar ættur að fá; það er skjól í vondu veðri og umönnun. Þær eru ekki útigangshestar, eins og margir hestar eru á Íslandi. Það má halda áfram og tala um folöld þessara hryssa, og afdrif og líðan þeirra. Síðan er hægt að tala um gylturnar sem eru að gefa of mörgum grísum mjólk, með blóðuga spena.

Spurningin er: hefur þetta fólk sem stendur að þessu ekkert hjarta? og engan heila reyndar líka...Það er virðist alveg sambandslaust við þennan raunveruleika.

Það er augljóslega auðvelt að selja svona vöru eins og þessi blóð-hormón: það er líklega lítið framboð af þeim, miðað við að blóðmerahald er bannað í næstum öllum löndum heims. Þetta fær þá sama stað á markaði og eiturlyf og aðrar vörur sem er bannað að framleiða.

Blóðmerahald er bannað í öllum vestrænum löndum, sem Ísland vill telja sig til. Stundum hefur fólk ekki fjarlægð á sjálft sig, og sér ekki hlutina eins og þeir eru raunverulega. Hér eru íslendingar að fara langt yfir mörk þess siðgæðis sem vestræn lönd vilja kenna sig við. Þetta er hluti af stærra samhengi; fólk sem vill vera framarlega í vistfræði, kolefnisjöfnun og öllu því sem Íslandi vill vera partur af, á ekki að falla í gryfju arðráns á dýrum og dýraníðs, til að eitt fyrirtæki geti grætt peninga.

Ég styð þetta frumvarp um bann við blóðmerahaldi, og mun kjósa þá flokka sem styðja frumvarpið.

Sigrún Úlfarsdóttir

og að auki

Úlfar Helgason

Atli Vassili Roman